

Sþ.

572. Breytingartillaga

[206. mál]

við till. til þál. um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð.

Frá Einari Olgeirssyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar, að kjósa skuli á hverju reglulegu Alþingi, í fyrsta sinn nú þegar, 5 menn og 5 varamenn í Norðurlandaráð. Skulu þeir kosnir á fundi í sameinuðu þingi. Fyrir fundinn skulu formenn allra flokkanna leitast við að ná samkomulagi um kosningu þessa, er tryggi, að allir flokkar þingsins eigi fulltrúa í ráðinu. Náist slíkt samkomulag ekki, skal kosið að viðhafðri hlutfallskosningu.